

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, þskj. 18-18. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál. Í tillögunni er lagt til að félags- og húsnæðismálaráðherra verði falið að hefja vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Útreikningarnir verði gerðir í samráði við hlutaðeigandi aðila. Í nýjum neysluviðmiðum verði tekið tillit til þeirra þátta sem núverandi neysluviðmið byggjast á en auk þess verði húsnæðiskostnaður tekinn með. Í því samhengi verði horft til mismunandi búsetuforma og staðsetningar húsnæðis. Með húsnæðiskostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til vegna eigin húsnæðis og leiguhúsnæðis.

Við undirbúning nógildandi neysluviðmiða sem byggja í grunninn á útgjaldarannsóknnum Hagstofunnar sem uppfærð hafa verið árlega samkvæmt upplýsingum á vef velferðarráðuneytisins lagði BSRB áherslu á það í umsögn sinni vegna þeirra til ráðuneytisins að nauðsynlegt væri að uppfæra neysluviðmið reglulega, ekki sjaldnar en á hálfárs fresti en oftar ef umtalsverðar gjaldskrár- eða verðlagshækkningar ættu sér stað. BSRB styður gerð nýrra neysluviðmiða þar sem leitast verði við að þau endurspegli raunverulegan framfærslukostnað heimilanna og viðmiðin verði uppfærð oftar m.a. með tilliti til umtalsverðra verðlags og/eða gjaldskrárhækkana sem leggjast á heimilin. Þá telur BSRB rétt að við uppfærslu viðmiðanna hverju sinni sé litið til raunverulegra útgjalda heimilanna en viðmiðin ekki uppfærð að meginstefnu til eingöngu á grunni vísitölu neysluverðs en nógildandi viðmið eru eingöngu uppfærð þriðja hvert ár á grunni rannsókna Hagstofu Íslands.

Þá benti BSRB á í tilgreindri umsögn sinni til velferðarráðuneytisins vegna upphaflegra neysluviðmiða þar sem húsnæðiskostnaður var innifalinn að húsnæðiskostnaður væri óeðlilega lágur í viðmiðinu og því væri betra að sleppa honum til að komast hjá því að gefa villandi upplýsingar. BSRB leggur því áherslu á að sé húsnæðiskostnaður tekinn með í neysluviðmiði sé mikilvægt að hann endurspegli raunverulegan húsnæðiskostnað heimilanna og taki tillit til ólíkra útgjaldaþátta í húsnæðiskostnaði.



Í tillögunni er lagt til að útreikningarnir verði gerði í samráði við hlutaðeigandi aðila og telur BSRB mikilvægt að bandalagið komi að þeirri vinnu.

Með vísan til framangreindra athugasemda gerir BSRB ekki athugasemd við framgang tillögunnar.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink that reads "Helga Jónsdóttir". The signature is written in a cursive style.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Reykjavík 28. október 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Þingskjal 18 — 18. mál.


(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að reiknuð séu út ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili. Samtökin taka þó ekki afstöðu til þess hvort í slíkum neysluviðmiðum skuli húsnæðiskostnaður tekinn með eða ekki. Barnaheill leggja þó áherslu á mikilvægi húsnæðismála og að það sé réttur sérhvers manns að eiga heimili. Ljóst er að húsnæðiskostnaður á Íslandi er hár, bæði kaup á húsnæði og leigukostnaður, auk þess sem ótryggt er að leigja.

Á vormánuðum 2014 gáfu Barnaheill – Save the Children á Íslandi út skýrsluna *Barnafátækt - brot á mannréttindum barna* (Child poverty and social exclusion in Europe – a matter of Children's rights) í samstarfi við önnur Save the Children samtök í Evrópu. Meðal þeirra niðurstaðna sem fram koma í skýrslunni er að 30 % barna á Íslandi býr við óviðunandi aðstæður hvað varðar húsnæði (hár húsnæðiskostnaður og léleg húsakynni). Börn sem eiga á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun eru líklegri til að búa við ófullnægjandi búsetuskilyrði. Þau börn sem eiga foreldra sem eru undir 60% af meðaltekjum eru líklegri til að falla í þennan hóp. Þó eru 20 % barnanna í þessum hópi börn sem eiga foreldra sem eru yfir þessum tekjumörkum. Börnin sem fylla þennan hóp búa gjarnan við óöryggi hvað varðar búsetu og tíða flutninga. Tíðir flutningar valda óöryggi og rótleysi, þau þurfa gjarnan oft að skipta um skóla og ná síður að tengjast félögum og eignast vini. Eins og fram kemur í skýrslu Barnaheilla þurfa börn að búa við

öryggi, hreinlæti og heilnæmt umhverfi til að þroskast, vera heilbrigð, geta menntað sig og átt félagslíf, þ.e. til að þroskast andlega, líkamlega og félagslega. Þau þurfa næði til að vinna heimavinnu, leika sér og geta boðið vinum í heimsókn. Fjölskyldur sem búa við fátækt eru líklegri til að búa við óheilnæmar og óöruggar aðstæður.

Eins og sést á myndinni hér að neðan, þá er staða Íslands hvað varðar húsnæðismál barna verri en meðaltal ríkja Evrópusambandsins. Slíkt er algjörlega óásættanlegt.



Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest eiga öll börn rétt á því að lifa og þroskast, njóta umönnunar, verndar og halda fjölskyldutengslum. Þau eiga rétt á að búa við lífsskilyrði sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Öruggt, heilsusamlegt og viðundandi húsaskjól er ein af grunnforsendum þess. Hvort sem húsnæðiskostnaður verður tekinn með í nýjum neysluviðmiðum eða ekki er nauðsynlegt að tryggja að öll börn búi við öryggi og við heilsusamlegt og viðunandi húsaskjól.

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,

framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 21. október 2014 2014010081
--	---

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili - 18. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 14. október 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt að Alþingi samþykki þingsályktun um að reiknuð verði ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili. Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa ýmsir fastir útgjaldaliðir heimila hækkað mikið undanfarin ár. Telur Barnaverndarstofa því mikilvægt að ráðist verði í að greina hvað hvelst í raunframfærslukostnaði fjölskyldu, hvað hver og einn liður er hár og hver heildarútgjöldin eru. Gætu slík neysluviðmið t.a.m. nýst barnaverndarnefndum þegar gerðir eru samningar við fósturforeldra. Væri þannig auðveldara fyrir nefndirnar að átta sig á því hver raunkostnaður vegna fósturbarns er og hægt að byggja á viðmiðinu þegar einstaka liðir í samningi eru ákvarðaðir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Reykjavík, 29. október 2014

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd

Efni: Tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Félag um foreldrajafnrétti þakkar nefndinni fyrir tækifærið til að veita umsögn um ofangreinda þingsályktun.

Félagið telur að núverandi neysluviðmið Velferðarráðuneytisins sé raunhæft og afrakstur mikillar vinnu þeirra sem að því stóðu.

Upplýsingar um núverandi neysluviðmið má finna hér:

<https://www.velferdarraduneyti.is/neysluvidmid/nanar/nr/33453>

Gagnrýni á neysluviðmiðið hefur fyrst og fremst snúið að **húsnæðiskostnaði**. Í kjölfar mikilla breytinga á húsnæðisverði var ljóst að neysluviðmið var ekki að skila raunhæfum **viðmiðum er varðar húsnæðiskostnað**. Af þeim sökum var ákveðið að fella húsnæðiskostnað út úr neysluviðmiðinu. Félagið telur það sjálfsgagt að skoða hvort raunhæft sé að búa til viðmið vegna húsnæðiskostnaðar sérstaklega og verði aftur bætt við núverandi neysluviðmið.

Ef raunin verður sú að húsnæðiskostnaður er of misvísandi til þess að hægt sé að búa til raunverulegt viðmið, þá er einnig hægt að skoða þann möguleika að gera fólki mögulegt að setja sjálf inn raunverulegan kostnað vegna húsnæðis inn í núverandi reiknivél Velferðarráðuneytisins. Þá væri jafnvel hægt að hafa þar leiðbeinandi kostnað vegna húsnæðis. Félagið telur þó enga þörf á því að vinna nýtt neysluviðmið. Öllu nær væri að nota það sem fyrir liggur til þess að meta þörf heimila í landinu fyrir fjárhagslegri aðstoð.

Félagið telur rétt að benda á mismunandi kjör umgengnis- og lögheimilisforeldra í þessum efnum. Niðurstöður BA rannsóknar Heimis Hilmarssonar sýna fram á að **ákveðin hópur umgengnisforeldra hefur ekki möguleika á að afla tekna sem duga til að mæta framfærslukostnaði samkvæmt dæmigerðu neysluviðmiði Velferðarráðuneytis**. Þá sýna niðurstöður rannsóknar Guðnýjar Eydal og Heimis Hilmarssonar að **mikill munur er á afkomumöguleikum lögheimilisforeldra og umgengnisforeldra**. Jafnvel þó umgengnisforeldri hafi tekjur sem samkvæmt viðmiðum innanríkisráðuneytis duga til að greiða viðbótarmeðlag, getur það ekki aflað tekna sem duga fyrir dæmigerðu neysluviðmiði.

Félagið telur meiri þörf á að nota fjármuni samfélagsins til þess að aðstoða þá sem á því þurfa að halda fremur en að margendurtaka sömu vinnuna.

Fjölskyldur og framfærsla barna - <http://hdl.handle.net/1946/13379>

Framfærsluskyldur foreldra sem ekki búa saman. Opinber stuðningur við barnafjölskyldur

<http://hdl.handle.net/1946/11629>

Stjórn Félags um Foreldrajafnrétti

Birgir Grímsson – Formaður

Guðrún Edda Finnbogadóttir – varaformaður

Karvel Aðalsteinsson

Katrín Harpa Ásgeirsdóttir

Heimír Hilmarsson

Guðný Hjaltadóttir

Júlíana Kjartansdóttir

Rúnar Gregory Muccio

Stefán Karl Harðarsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0018

Dags. 29.9.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 18. mál á 144. löggjafarþingi

Útreikningur nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili

Tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili

Hagsmunasamtök heimilanna styðja heilshugar þá þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar. Núverandi neysluviðmið hafa reynst ófullnægjandi, enda innihalda þau alls ekki allan kostnað sem framfærslu fylgir, og er húsnæðiskostnaður þar veigamestur. Þá hafa samtökin ítrekað gagnrýnt þá aðferðafræði sem notuð hefur verið fram til þessa við útreikning neysluviðmiða, sem hefur byggst á neyslukönnunum en ekki tekið tillit til þess hvað sé raunverulega innifalið í þeirri neyslu eða hvort það dugi til viðunandi framfærslu venjulegrar fjölskyldu. Að mæla neyslu eða eyðslu með þeim hætti sem lagður hefur verið til grundvallar þeim neysluviðmiðum sem notuð eru í dag, segir í raun aðeins til um hvað fólk hafi mikið til ráðstöfunar í þá neyslu, en veitir hinsvegar engar upplýsingar um hvað sömu einstaklingar hefðu þurft til þess að geta lifað hófsömu mannsæmandi lífi.


Mikilvægt er að vinna við neysluviðmið hefjist á því að skilgreina hvaða gæði þurfi að vera til staðar í slíku viðmiði og í hvaða mæli. Fyrr er ekki hægt að setja fram neinn mælikvarða á slíka framfærslu eða raunkostnað við hana. Þannig þarf til dæmis að skilgreina þörf fyrir húsnæði, mat, föt, lyf og læknisþjónustu, fjarskipti og annað sem tilheyrir daglegum heimilisrekstri. Auk þessa alls þurfa neysluviðmið einnig að fela í sér eðlilega afþreyingu, tómstundir og frí með fjölskyldunni, sem eru nauðsynleg til þess að viðkomandi aðilar get talist eðlilegir þáttakendur í samfélaginu. Ekki er nægilegt að skilgreina eingöngu þá lágmarksframfærslu sem þarf til að lifa af um stundarsakir, heldur þarf einnig að vera til viðmið um þá framfærslu sem telst vera viðunandi að staðaldri.

Til skýringar felst munurinn á útreiknuðum neysluviðmiðum og raunframfærsluviðmiðum í því að annars vegar er miðgildi raunneyslu eða eyðsla á ákveðnu tímabili mæld út frá fyrirliggjandi tölum Hagstofunnar en hins vegar er eðlileg raunframfærsla fundin út af sérfræðingum og er þá miðað við að þeir setji saman ítarlega vöru, þjónustu og neyslukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri eða eðlilegri framfærsluþörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á tilteknum tíma. Raunframfærslukostnaður og lágmarks framfærsluviðmið unnin út frá þeim hafa um margra ára skeið verið gerð opinber á öðrum Norðurlöndum og eru þau sá grunnur sem þær þjóðir nota til að þegnar þeirra geti lifað hófsömu og mannsæmandi lífi, sem eru sjálfsgöð mannréttindi allra.


Ekki er heldur nægilegt að skilgreina slík viðmið og láta þar við sitja. Þegar vinnu við skilgreiningu viðunandi raunframfærsluviðmiða er lokið, þarf því næst að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að endurspegla þau viðmið í framkvæmd. Þannig þurfa ákvarðanir á öllum stöðum í hinu opinbera kerfi að taka mið af hinum skilgreindu viðmiðum, til dæmis fjárhæðir almannabóta, lífeyrisgreiðslur, lágmarkslaun og annað sem heyrir undir opinberar skilgreiningar og ákvæði laga. Hagsmunasamtök heimilanna lýsa sig fús til þess að koma að slíkri vinnu þegar kemur að því að hrinda útfærslu raunverulegrar framfærslutryggingar í framkvæmd, að undangenginni vinnu við skilgreiningu á þeim viðmiðum sem slík framfærslutrygging verður að byggjast á.

- 0 -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjal I: Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna dags. 15.2.2011 um neysluviðmið

Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna um skýrslu Velferðarráðuneytisins:

“Neysluviðmið fyrir íslensk heimili” (febrúar 2011)¹

Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna ber að líta útgáfu skýrslu velferðarráðuneytisins jákvæðum augum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þau neysluviðmið sem kynnt eru í skýrslunni endurspeglar ekki raunframfærslukostnað eða lágmarks framfærslukostnað heldur rauntölur um neyslu fólks á Íslandi seinustu ár.

Til skýringa felst munurinn á útreiknuðum neysluviðmiðum og raunframfærsluviðmiðum í því að annars vegar er miðgildi raunneyslu mælt út frá fyrirliggjandi tölum Hagstofunnar en hins vegar er eðlileg raunframfærsla fundin út af sérfræðingum og er þá miðað við að þeir setji saman ýtarlega vöru, þjónustu og neyslukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri eða eðlilegri framfærsluþörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á tilteknum tíma. Raunframfærslukostnaður og lágmarks framfærsluviðmið unnin út frá þeim hafa um margra ára skeið verið opinber á öðrum Norðurlöndum, svo sem Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Af efni nýútkominnar skýrslu velferðarráðuneytisins er ekki hægt að segja til um hvort og þá hversu margir eru með ráðstöfunartekjur undir framfærslukostnaði eða hvað þá lágmarks framfærslukostnaði. Margt bendir þó til þess að mjög margar fjölskyldur safni skuldum um hver mánaðarmót eða lifi við skort brýnna nauðsynja. Sérstaklega á þetta við um barnafjölskyldur auk heimila sem þurfa að treysta á bætur og / eða framfærslu hins opinbera auk fjölda fólks í láglaunastörfum sem eru í raun föst í fátækragildru.

Stjórnvöldum ber skylda að komast að því hver raunframfærslukostnaður heimilanna er svo unnt sé að lögfesta raunframfærslu og lágmarksframfærsluviðmið unnin út frá þeim. Á meðan sú vinna stendur yfir er nauðsynlegt að hið opinbera gefi nú þegar út lágmarksframfærsluviðmið til bráðabirgða sem taki mið af nýkynntum neysluviðmiðum. Þessi krafa er þar að auki byggð á 25. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Án þess að draga dul á hækkunarþörf launa að raunframfærsluviðmiðum vilja Hagsmunasamtök heimilanna benda á að eindregin krafa þeirra um almenna leiðréttingu stökkbreyttra íbúðalána er ein öflugasta kjarabót sem völ er á. Sú leiðrétting hefði veruleg áhrif til lækkunar á framfærslukostnaði þorra almennings.

Fyrir hönd Greiðsluferfiðleikateymis (GET) hóps HH, Vilhjálmur Bjarnason meðstjórnandi og Harpa Njálss félagsfræðingur.

Hagsmunasamtök heimilanna

15. febrúar 2011

¹ <http://www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/32574>

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 16. október 2014
1410024 IE


Efni: Umsögn um þált. um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Með tölvubréfi dags. 14. október 2014 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um þált. um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál, þskj. 18. á 144. lþ.

Jafnréttisstofa tekur undir það að ástæða geti verið til að láta reikna út ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili. Jafnréttisstofa minnir á nauðsyn þess að taka tillit til kynjasjónarmiða varðandi útreikninginn eftir því sem við á.

Sérstaklega getur þetta átt við í tengslum við fjölskyldustærð og hvernig hún kemur fram í opinberum gögnum. Í hagtölum kemur t.d. ekki fram fjölskyldustærð allra, t.d. feðra eða mæðra sem fara sameiginlega með forsjá bara sinna ásamt hinu foreldrinu. Börnin hafa alla jafnan skráð lögheimili hjá móður og þá koma feðurnir fram sem einir í heimili, þótt börnin búi hugsanlega til jafns hjá þeim og mæðrum sínum. Það þarf m.a. að taka tillit til þessa hóps foreldra við útreikning neysluviðmiða.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál.

Neytendasamtökin taka heils hugar undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögu þessari um að ýmsir fastir útgjaldaliðir hafi hækkað mikið undanfarin ár. Þá stefnir í enn frekari hækkunir fyrir íslensk heimili verði virðisaukaskattur á matvæli og húshitun hækkaður eins og lagt hefur verið til. Því taka samtökin undir þá afstöðu að nauðsynlegt sé að sníða vankanta af núverandi neysluviðmiðum enda mikilvægt að neysluviðmið séu eins raunhæf og kostur er. Jafnframt þarf að uppfæra viðmiðin reglulega og telja Neytendasamtökin ekki nægilegt að það sé gert einu sinni á ári eins og verið hefur. Neytendasamtökin telja þó að núverandi neysluviðmið standi að ýmsu leyti fyrir sínu, og þannig virðast „dæmigerð viðmið“ gefa nokkuð raunhæfa mynd þegar kemur að neyslu fjölskyldna, a.m.k. á sumum sviðum. Hins vegar er það mat samtakanna, eins og síðar verður vikið að, að nauðsynlegt sé að skoða tilgang neysluviðmiða og til hvers þau skuli nýtast, en t.a.m. var ekki miðað við umrædd neysluviðmið í útreikningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um mat á áhrifum virðisaukaskattshækkunar á matvælum.

Um húsnæðiskostnað:

Í ofangreindri tillögu er gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaður komi fram í nýjum viðmiðum og að inn í þau „verði settir allir þættir sem snúa að húsnæðiskostnaði.“ Rétt er að minna á að upphaflega var húsnæðiskostnaður inni í neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins og var samkvæmt skýrslu um íslensk neysluviðmið ætlað að vera „gróf nálgun.“ Þær tölur sem miðað var við sættu hins vegar þó nokkurri gagnrýni, m.a. af hálfu Neytendasamtakanna, og sér í lagi kostnaður vegna húsaleigu þótti alltof lágur. Var því tekin sú ákvörðun að fjarlægja húsnæðiskostnað úr neysluviðmiðunum og er því ekki tekið tillit til hans í dag. Eigi að setja húsnæðiskostnað aftur inn í neysluviðmið þarf því virkilega að vanda til verka og horfa til þeirra þátta sem urðu þess valdandi að fyrri tölur um húsnæðiskostnað þóttu ekki raunhæfar.

Hvað varðar leiguhúsnæði ætti að vera hægt að setja upp raunhæfar tölur hvað varðar leiguverð, og byggja þá m.a. á tölum Þjóðskrár Íslands sem unnar eru úr þinglýstum leigusamningum. Rétt er þó að taka fram að það er mat Neytendasamtakanna að þær tölur segi ekki alla söguna, þar sem aðeins hluta leigusamninga er þinglýst auk þess sem eitthvað mun um að hluti leiguupphæðar sé greiddur „undir borðið“ og því komi ekki öll leigufjárhæðin fram í þinglýstum samningum. Því þyrfti að vanda vel til verka, horfa jafnframt til auglýsts leiguverðs og uppfæra viðmið vegna húsaleigu reglulega. Þá þarf einnig að horfa til þess að leiguverð getur verið afar mismunandi, ekki aðeins eftir landshlutum, heldur einnig eftir

póstnúmerum á höfuðborgarsvæðinu. Að mati Neytendasamtakanna væri því ærin vinna að setja upp raunhæf viðmið hvað varðar húsaleigukostnað, en ef vel tekst til er það þó væntanlega vel þess virði.

Hvað varðar kostnað vegna eigin húsnæðis virðist hins vegar illmögulegt að setja hann inn í neysluviðmið án ákveðinna upplýsinga frá einstaklingunum sjálfum. Þannig er fjármögnun eigin húsnæðis með ýmsum hætti og kostnaður fer eðli máls samkvæmt eftir mörgum þáttum, eins og veðhlutfalli, lánstíma og kjörum. Jafnframt má telja að húsnæðiskostnaður og veðhlutfall séu afar breytilegar stærðir eftir aldri húseigenda. Þannig telja Neytendasamtökin það hæpið að hægt sé að setja upp einsleitt viðmið er taki til húsnæðiskostnaðar vegna eigin húsnæðis. Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að þurfi að „setja inn mismunandi dæmi eftir því um hvaða búsetuform er að ræða, staðsetningu húsnæðis og aðra þætti er skipta máli“. Að mati Neytendasamtakanna er ekki nægilegt að setja hér upp dæmi heldur þyrftu einstaklingar beinlínis að fylla út upplýsingar um höfuðstól, lánstíma, vexti og verðtryggingu sé hún til staðar, svo um raunhæfar tölur verði að ræða sé meiningin að neysluviðmiðin séu sniðin að aðstæðum og raunneyslu hvers og eins þannig að viðmiðin nýtist „til hliðsjónar við áætlun eigin útgjalda.“ Sé á hinn bóginn mögulegt að setja upp raunhæfar tölur um húsnæðiskostnað, en eins og áður segir þarf að vinna það verkefni af kostgæfni, yrði þó til mikils að vinna.

Tilgangur neysluviðmiða:


Það hefur um árabíl verið baráttumál Neytendasamtakanna að sett verði raunhæf neysluviðmið. Þau geta bæði verið mikilvægt hjálpargagn einstaklinga og fjölskyldna við að skipuleggja neyslu sína og útgjöld en ekki síður er mikilvægt að stuðst sé við raunhæf neysluviðmið við greiðslumat í tengslum við lántöku.

Að mati Neytendasamtakanna er óhjákvæmilegt að líta til þess að opinber nýting núverandi neysluviðmiða hefur verið afar takmörkuð. Þannig er ekki notast við þau við ákvörðun t.a.m. lágmarkslauna, ellilífeyris eða örorku- og atvinnuleysisbóta. Þá var, eins og áður sagði, ekki notast við þau í útreikningum fjármála- og efnahagsráðuneytinu við mat á áhrifum breytinga á virðisaukaskattkerfinu. Í reglugerð um greiðslumat er svo aðeins stuðst við viðmiðin að takmörkuðu leyti en þar segir m.a. í 8. gr.: *Víð útreikning á kostnaði víð framfærslu lántaka skal að lágmarki miða víð grunnviðmið í íslenskum neysluviðmiðum eins og þau eru birt á vefsíðu velferðarráðuneytisins á hverjum tíma ... Eflántaki telur að útgefin neysluviðmið ... gefi ekki rétta mynd af útgjöldum hans þá er lánveitanda heimilt að miða útgjöld víð rauntölur. Óheimilt er að miða rauntölur um neyslu lántaka víð lægri fjárhæð en sem nemur 75% af neysluviðmiði skv. 1. mgr. á hverjum tíma.*

Það er því álit Neytendasamtakanna að samhliða því að leggja í kostnað og vinnu víð gerð nýrra neysluviðmiða þurfi stjórnvöld að móta sér stefnu varðandi nýtingu neysluviðmiða og skoða hvort ekki sé eðlilegt að miða víð þau þegar t.a.m. bótafjárhæðir eru ákvarðaðar.

Með ofangreindum athugasemdum styðja Neytendasamtökin framangreinda tillögu og hvetja til samþykktar hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 28.10.2014
Tilv. 2014/0785 - 0.0.01
MS


Efni: Umsögn Neytendastofu um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 14. október 2014, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Neytendastofa telur að það geti verið gagnlegt að reikna út neysluviðmið vegna húsnæðiskostnaðar. Stofnunin vill þó gera athugasemdir við að neysluviðmið húsnæðiskostnaðar verði sett fram í sama viðmiði og almennt neysluviðmið enda fær Neytendastofa ekki séð hvernig neysluviðmið húsnæðiskostnaðar getur farið saman með almennum neysluviðmiðum framfærslukostnaðar. Ástæða þess er sú að Neytendastofa telur samsetningu neysluviðmiðs húsnæðiskostnaðar vera mjög flókið í framkvæmd þar sem líta þar til mjög margra þátta, s.s. staðsetningu (póstnúmer), stærð húsnæðis og búsetuform. Því telur stofnunin að slíkt neysluviðmið þurfi að vera til hliðar við almenn neysluviðmið verði tekin ákvörðun um að útbúa slíkt viðmið til upplýsinga fyrir almenning um áætlaðan kostnað vegna húsnæðis af ýmsu tagi.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 21. október 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Tillagan gerir ráð fyrir að félags- og húsnæðismálaráðherra hefji vinnu við útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili í samráði við hlutadeigandi aðila. Við útreikninginn verði tekið tillit til húsnæðiskostnaðar auk þeirra þátta sem núverandi neysluviðmið byggjast á. Horft verði til mismunandi búsetuforma og staðsetningar húsnæðis.

Samtökin leggjast gegn samþykkt tillögunnar og liggja til þess eftirfarandi rök:

Í greinargerð er vakin athygli á að tilgangurinn með smíði neysluviðmiða er að veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum til hliðsjónar við áætlun eigin útgjalda. Auk þess geta þau komið að notum við fjárhagsráðgjöf fyrir einstaklinga og verið til hliðsjónar um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Neysluviðmið eru hvorki endanlegur mælikvarði á hvað telst nægjanleg neysla einstakra heimila né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

Núverandi neysluviðmið sem birt eru á vef félags- og húsnæðismálaráðuneytis er byggt á skýrslu sérfræðingahóps frá 2011. Síðan hafa þau verið uppfærð þrívægis. Við gerð viðmiðanna var stuðst við rannsóknir Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Rétt er að hafa í huga að neyslukönnun Hagstofunnar er ekki áætlun um lágmarks framfærsluþörf heldur könnun á neysluútgjöldum heimilanna eins og þau eru að meðaltali. Líkt og hjá nágrannaþjóðunum eru húsnæðisútgjöld undanskilin með þeim rökum að sá kostnaður sé of breytilegur, t.d. eftir búsetuformi og staðsetningu húsnæðis, til þess að setja megi raunhæf viðmið.

Neysluviðmið hafa ekki verið notuð hér á landi við ákvörðun opinberra framfærslustyrkja enda felst í neysluviðmiðum hvorki endanlegur sannleikur um neyslu einstakra heimila né hvað einstaklingar eða einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris. Ákvarðanir um fjárhæðir bóta og breytingar á þeim hafa gjarnan tekið mið af umsömdum lágmarkslaunatöxtum og launaþróun í landinu. Neysluviðmið hafa hins vegar verið notuð við greiðslumat, ákvörðun námslána og við ráðgjöf til heimila í greiðsluvanda. Viðmiðunarneysla er reiknuð af opinberum stofnunum í ýmsum ríkjum og er notkunin einkum bundin við greiðslumat fjármálafyrirtækja á lántakendum og ráðgjöf til heimila í greiðsluvanda.

Í ljósi framangreinds verður ekki séð að ástæða sé til að hefja vinnu við gerð nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins





Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014
2014100071

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Þskj. 18 – 18. mál.

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. október 2014, þar sem Velferðarsviði Reykjavíkurborgar var send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Að mati Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er það jákvætt að fram fari almenn endurskoðun á neysluviðmiðum fyrir íslensk heimili. Í tillögunni kemur fram að auk þess að taka tillit til þeirra þátta sem núverandi neysluviðmið byggja á, verði húsnæðiskostnaður jafnframt tekinn með inn í ný neysluviðmið. Ljóst er að flókið er að reikna út neysluviðmið húsnæðiskostnaðar þar sem forsendur fyrir slíkum kostnaði eru mjög mismunandi, s.s. stærð og staðsetning húsnæðis, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða eigið húsnæði. Hvað varðar kostnað vegna eigin húsnæðis þarf auk þess að taka tillit til mismunandi þátta eins og fjárhæðar veðskulda, vaxta og lánstíma. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur því rétt að ef vinna á sérstakt neysluviðmið fyrir húsnæðiskostnað verði því haldið aðskildu frá almennu viðmiði fyrir framfærslukostnað.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Helga Jóna Benediktsdóttir,
lögfræðingur



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi, 28. október 2014

Efni: Umsögn Verkalýðsfélags Akraness um 18. mál á 144. löggjafarþingi.
Útreikningur nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili.

Verkalýðsfélag Akraness styður og fagnar þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar.

Það er mjög mikilvægt fyrir aðila vinnumarkaðarins að fá ný neysluviðmið fyrir íslensk heimili sem hafin verða yfir allan vafa. Umtalsverður ágreiningur hefur því miður verið um þau neysluviðmið sem notast hefur verið við enda vantar til dæmis stóra pósta inn í aðferðafræðina sem notuð hefur verið fram til þessa við útreikning neysluviðmiða og er þar húsnæðisliðurinn langstærstur.

Það skiptir miklu máli fyrir verkalýðshreyfinguna að fá ný neysluviðmið sem hafin verða yfir allan vafa. Það gengur ekki upp að hér sé verið að semja um lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði sem duga á engan hátt fyrir lágmarksframfærslu sem hið opinbera hefur gefið út. Það er mikilvægt að þessi neysluviðmið verði eins og áður sagði hafin yfir allan vafa þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti einbeitt sér að því að skapa hér launakjör sem tryggja íslensku lágtekjufólki að lifa á þeim launum sem neysluviðmiðin kveða á um en slíku er ekki til að dreifa í dag.

Á nýafstöðnu þingi Alþýðusambands Íslands var meðal annars samþykkt ályktun þar sem fram kemur að hækka þurfi lágmarkslaun á Íslandi þannig að þau dugi fyrir lágmarksframfærslu. Á þessari forsendu meðal annars er mikilvægt að fá ný neysluviðmið þannig að aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafi betra land undir fótum til að sjá hversu mikið lágmarkslaun á Íslandi þurfi að hækka þannig að þau uppfylli lágmarks framfærsluviðmið.

Verkalýðsfélag Akraness ítrekar fullan stuðning við það að gerður verði útreikningur á nýjum neysluviðmiðum fyrir íslensk heimili með hagsmuni íslensks verkafólks að leiðarljósi.

Virðingarfyllt
f.h. Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Birgisson, formaður